



Innsetningarræða
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárns
1. ágúst 1976

Góðir Íslendingar og erlendir fulltrúar.

Íslenska lýðveldið er enn ungt og þá um leið embætti forseta Íslands. Á þremur áratugum hefur eigi að síður þegar skapast nokkur hefð um siði og venjur varðandi þetta embætti. Í upphafi nýs kjörtímabils vinnur forseti það drengskaparheit að halda stjórnarskrá lýðveldisins. Þetta er hið raunverulega innihald þeirrar athafnar sem hér fer fram í dag, annað ekki. Hér er hvorki staður né stund til að fjölyrða um landsins gagn og nauðsynjar eða ástand og horfur í þjóðfélaginu, enda er forseti Íslands þess ekki umkominn að flytja boðskap eða stefnuskrá, eins og embætti hans er stakkur skorinn í stjórnkerfi landsins.

Að þessu sinni er í engu brugðið út af þeim siðum, sem frá upphafi hafa tíðkast við embættistöku forseta. Að öllu athuguðu hefur mér ekki þótt sérstök ástæða til þess. Má þó vera að tíðarandi vildi nú gera hér nokkra breyting á og færa þessa athöfn til viðaminna forms. Þetta er álitamál eins og svo margt annað af svipuðu tagi, en ekki neitt stórmál. Ég inni að því einungis vegna þess að það leiðir hugann að forsetaembættinu yfirleitt, og þó einkum stöðu forseta í samfélaginu, afstöðuna milli hans og annarra manna. Þetta er umhugsunarefni í ætt við tilefni dagsins. Til eru þeir menn sem velta þessu fyrir sér, og nærri má geta að sá sem sjálfur gegnir þessu embætti muni leitast við að gera sér grein fyrir hver hlutur þess er í þjóðlífinu og leggja næmar hlustir við skoðunum og tilfinningum samborgara sinna um það.

Ég er hér ekki að tala um stöðu forsetans eins og hún er samkvæmt stjórnarskrá landsins, hlutverk hans í stjórnkerfinu. Öllum er kunnugt, sem lesið hafa stjórnarskrána, að í fljótu bragði mætti svo virðast sem vald forseta væri talsvert, en í ljós kemur að það er meira í orði en verki, þar sem forseti felur ráðherrum að fara með vald sitt og stjórnarathafnir hans eru á þeirra ábyrgð. Til eru önnur lýðveldi, og sum með stórfjóðum, þar sem mjög áþekkt fyrirkomulag tíðkast, auk þess sem staða konungs í konungsríkjum þeim, sem vér höfum mest kynni af, er mjög á sömu lund í stjórnlagakerfinu, þótt á hinn bóginn hljóti ætíð af mörgum ástæðum að vera djúptækur munur á stöðu konungs og forseta meðal þjóðfélagsþegnanna. Nú er stjórnarskrárnefnd að starfi hér á landi. Ég geri ráð fyrir að hún muni meðal annars taka til rannsóknar hversu gefist hafa þau ákvæði sem lúta að hlut forsetans á liðnum árum. Engu skal um það spáð hvort lagt verður til að gera þar einhverjar breytingar á eða hvort slíkar tillögur næðu þá fram að ganga. Líklega mun mönnum helst finnast forvitnilegt hvort lagt verður til að hrófla við þætti forsetans í myndun nýrrar ríkisstjórna, en í því efni er honum ætlað veigamikil hlutverk.

En umræðuefni mitt er ekki þetta, heldur afstaðan milli forsetans og þjóðarinnar. Mér segir svo hugur um að íslenska þjóðin hafi tekið tryggð við forsetaembættið, vilji

hafa slíkan oddvita sem forsetinn er. Ef til vill á þjóðkjör forsetans einhvern þátt í þeirri tryggð. En hvers telur þjóðin sig geta af forsetanum vænst, og til hvers má hann ætlast af henni? Hér er ekki um neitt að ræða sem ákveðið verður í lögum og reglugerðum, heldur sambúðarform sem með tímanum hefur skapast milli forsetans og þess fólks sem fengið hefur honum embætti sitt. Ég get ekki neitað mér um að gera ofurlitla sögulega athugun í þessu sambandi.

Þegar að því dró að Íslendingar losuðu sig að fullu og öllu úr tengslum við erlendan konung, báru ýmsir nokkurn kvíðboga fyrir þeim vanda sem við blasti í fyrsta sinn í sögu vorri, að finna innlendum þjóðhöfðingja eðlilegt rúm bæði í stjórnkerfinu og andspænis þjóðinni sem einingartákn hennar. Íslenskur konungur kom víst ekki til greina, því að slíkt er nánast ekki til í íslenskri vitund og hefur aldrei verið. Að vísu höfðu Íslendingar löngum mikið dyn á konungum, jafnvel þegar á þjóðveldisöld, og skrifuðu um þá meiri bækur en aðrir menn. Með því bættu þeir sér upp konungsleysið. En konungur á Íslandi var utan við hugarheim þeirra. Hvergi örlar á því að neinn af höfðingjum Sturlungaaldar, sem hvorki skorti þó metnað né valdafýsn, léti sér til hugar koma að gera sjálfan sig að konungi, þótt slíkt hefði átt að geta verið nærtækt þegar þjóðveldið var að liðast sundur og valdabaráttan var sem grimmilegust. Hugsun þeirra snerist hins vegar mjög um afstöðuna til Noregskonungs.

Og svo komu hinar mörgu konungsaldir og æ fastar brenndi það sig inn í hug þjóðarinnar, að víst vorum vér konungsþegnar, en konungur vor var í öðru landi, þar var hann á réttum stað, handan við hafið. Eigi að síður voru Íslendingar konunghollir gegnum þykkt og þunnt, og enn á vorum dögum ber ekki á öðru en hérlendir menn hafi eins gaman af kóngafólki og hverjir aðrir.

Með stofnun Lýðveldisins átti nú þjóð sem var því langvön að vita fjarlægán konung yfir sér að hafa nálægán innlendan þjóðhöfðingja með forsetanafni hjá sér og finna honum sess í samfélagi sínu og vitund sinni. Var nokkur furða, eftir allar þessar aldir, þótt afstaðan og tilhugsunin til konungsins og umgengnin við hann færðist að verulegu leyti yfir á forsetann? Eitthvað áþekkt hefur gerst víðar en hér þegar Lýðveldi hefur tekið við af konungsríki, sumum forsetum til lítillar þægðar, ekki af því að annað sé fortakslaust betra eða verra en hitt, heldur af því að þetta eru tvö form og sitt hæfir hvoru. Hér á landi tók forsetaembættið sitthvað í arf eftir konungdæmið sem var eðlilegt og heilbrigt, en ekki er örgrannt um að einnig hafi eitthvað fánýtt slæðst með, svo sem nokkur næsta óþörf virðingartákn og vottur af þeim hömlum sem umhverfi og gamalgróid almenningsálit leggja á þá sem konungsnafn bera. Slíkt átti þó ekki til langframa jarðveg í íslensku þjóðfélagi og mátti hverfa.

Vera má að einhver skilji mig svo að ég sé óbeinlínis að mæla með formleysu kringum embætti forseta Íslands. Svo er þó ekki. Form í réttu hófi eru nauðsynleg í mannlegum samskiptum og þá að sjálfsögðu að því er tekur til forsetans og hans verkahringis. Það er svo augljóst að varla þarf um að ræða, að fyrsta krafa þjóðarinnar á hendur forsetanum er að honum endist vit og smekkvísi til að koma sómasamlega fram við þau mörgu tækifæri þar sem hann ýmist verður að vera fulltrúi þjóðarinnar andspænis erlendum mönnum ellegar taka þátt í athöfnum og mannámótum hennar sjálfrar. Siðareglur um þetta efni eru góðar, en þó aðeins til viðmiðunar en ekki til skilyrðislausrar eftirbreytni. Reglur eiga ekki að koma í stað eðlilegrar mannlegrar umgengni.

Mér er einnig mjög fjarri skapi að mæla með eða óska eftir að forsetaembættið lækki í virðingu meðal þjóðarinnar. Þó það nú væri, og til þess hefði ég heldur ekkert leyfi, ekki á ég þetta embætti, heldur þjóðin, og aðrir menn koma eftir mig og mér er umhugað um að skemma það ekki fyrir þeim. Tilhlýðileg virðing er ekki nema

sjálfsagður hlutur manna í milli. Vel fer á í voru samfélagi að breytt sé við forsetann sem fremstan meðal jafningja, þar sem hann á samfundi með öðrum. Hins vegar er bæði óþarft og óíslenskt að þvinga hann með tilbúnum siðareglingi í misskildu virðingarskyni. Sönn virðing er ekki fólgin í neinu slíku.

Sönn virðing við forsetann er að mínu áliti fólgin í því að leyfa honum að njóta sín sem manneskju, bæði í embættisstörfum sínum og utan þeirra, ákveða ekki fyrir hann hvað skuli teljast forsetalegt og hvað ekki, leyfa honum átölulaust að stunda sín áhugamál og auðvelda honum það eftir megni, og umfram allt leyfa honum að eiga sitt einkalíf og fjölskyldulíf í friði fyrir hégómlegri hnýsni. Ef einhvern tíma hefur eitthvað skort á virðingu af þessu tagi, vegna áhrifa frá ævagamalla erlendri afstöðu til þjóðhöfðingja, sem getur verið góð þar, þótt hún eigi ekki við hér, er mér það fagnaðarefni að jöfn þróun hefur hér á orðið til hins betra, enda er ég sannfærður um, og dreg það af mörgum dæmum, að fyrirrennarar mínir í þessu embætti hafa verið mjög sama sinnis og ég um þetta efni. Ég held að íslenskur forseti og kona hans geti, ef þau sjálf sýna að þau vilji það, varðveitt persónulegt frelsi sitt svo að vel viðunandi sé og haldið jafnframt virðingu sinni fullri. Ég held einnig – og það skiptir mestu máli – að þetta spái góðu um framtíð forsetaembættisins og bendi til þess að von sé góðs samneytis með forsetanum og þjóðinni þegar horft er til komandi tíma. Það gleður mig að geta mælt þessi orð af fullri einlægni, og meðal annars vegna þessa hef ég treyst mér til að bjóðast til að gegna þessu embætti áfram, ef viðunanlega sterkar líkur væru til að meiri hluti þjóðarinnar óskaði enn eftir því.

Sveinn Björnsson sagði í ræðu sinni á Þingvöllum hinn 17. júní 1944, þegar hann tók við embætti sem forseti í fyrsta sinn, að hann liti á starf sitt framar öllu sem þjónustu við heill og hag íslensku þjóðarinnar. Ég tek undir þessi orð af heilum huga og á ekki aðra ósk heitari en að vinna það gagn sem ég get best á hverri stund. Nú þegar ég lít yfir farinn veg, fyllist hugur minn þakklæti til þeirra mörgu sem hafa styrkt mig til þess sem mér kann að hafa vel tekist. Þar nefni ég fyrst konu mína, sem ber mína byrði til jafns við mig, fjölskyldu okkar, starfsfólk okkar, bæði á Bessastöðum og í Reykjavík. Ég nefni ráðherra og aðra stjórnámamenn og fjölmarga aðra mætti og ætti að tilgreina, sem hafa sýnt mér tiltrú, hlýju og vinarþel.

Nú þegar kona mín og ég leggjum á hinn þriðja stóráfanga hittist svo á að allmikill hluti landsmanna er í árlegu stuttu miðsumarfrí. Eigi að síður er þetta sá tími árs sem löngum var kallaður hábjargræðistími og von bráðar eru allir, til sjós og lands, komnir til starfa sinna, hver á sínum vettvangi, því að vér eigum því láni að fagna að þörf störf eru til taks handa hverri vinnufærri hendi. Hvar sem menn eru og hvað sem þeir eru að iðja, sendi ég þeim öllum kveðju og þakka um leið allar góðar óskir sem okkur hafa borist á þessum degi, frá ríkisstjórn landsins, frá forseta hæstaréttar, frá biskupi og öllum öðrum sem sýnt hafa góðan hug sinn til okkar. Af okkar hálfu kemur þar á móti að við munum leitast við, enn sem fyrr, að standa við þá ábyrgð sem þessu embætti fylgir.

Það er gleðiefni að geta lokið þessu máli með því að minnst þess að bjartara virðist nú vera yfir þjóðlífinu en verið hefur um sinn. Sú er sameiginleg ósk og von vor að áfram stefni til batnandi hags fyrir alla, að oss auðnist að búa við frið, frelsi og farsæld í þessu landi um ókomin ár.